

Reykjavík, 9. apríl 2019

Niðurstaða um brot Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 18. mars 2019 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Lánasjóður sveitarfélaga ohf. hefði brotið gegn 3. ml. 1. mgr. 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) þar sem sjóðurinn tilkynnti Fjármálaeftirlitinu ekki samdægurs um að hafa lánað víðskiptavaka skuldabréf útgefin af sjóðnum (svokölluð verðbréfalán). Um var að ræða nokkurn fjölda tilvika á tímabilinu 20. ágúst 2009 til 30. maí 2018.

Fjármálaeftirlitið telur að í þeim tilvikum þegar verðbréfalán er veitt á grundvelli samnings milli útgefanda og víðskiptavaka samkvæmt 116. gr. vvl., sé útgefanda hvorki skylt að sinna rannsóknarskyldu samkvæmt 125. gr. vvl. né tilkynningarskyldu samkvæmt 1. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. áður en víðskiptin fara fram. Framangreint er háð því skilyrði að útgefandi hafi ekki aðkomu að ákvörðun um hvenær verðbréfalán er veitt á grundvelli samningsskyldna sem á honum hvíla gagnvart víðskiptavaka. Þrátt fyrir framangreint gildir engu að síður tilkynningarskylda útgefanda samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 126. gr. vvl. um víðskipti með fjármálagerninga útgefanda þegar um er að ræða verðbréfalán, þ.e. að tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu samdægurs um víðskipti þegar verðbréfalán hefur verið veitt.

Með hliðsjón af því að ekki var um að ræða víðskipti fruminnherja sem Lánasjóði sveitarfélaga var skylt að birta opinberlega samkvæmt 127. gr. vvl. var ákveðið að gera sjóðnum ekki stjórnvaldssekt vegna brotsins.